

25.11.2024

19350

Dreifing
Skipulagsstofnun
>Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Höfundur

EBA

Yfirfarið/Samþykkt

Axel Viðar Hilmarsson, Vegagerðin

Tilfni

Matsskyldufyrirspurn: Hringvegur um Hornafjörð, breyting á tengingum

Viðbrögð Vegagerðarinnar við umsögnum um matsskyldufyrirspurn.

1 Viðbrögð Vegagerðarinnar við umsögnum

Kynningartími matsskyldufyrirspurnar var frá 9. október til 7. nóvember 2024. Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögnum frá fimm aðilum og bárust umsagnir frá fjórum þeirra. Tafla 1 gerir grein fyrir umsagnaraðilum og hvort þörf var á viðbrögðum.

Tafla 1 Yfirlit yfir umsagnaraðila sem sendu inn erindi ásamt þörf á viðbrögðum Vegagerðarinnar.

Umsagnaraðili	Viðbrögð
Sveitarfélagið Hornafjörður	Ekki þörf á viðbrögðum
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands	Sendu ekki inn umsögn
Minjastofnun Íslands	Ekki þörf á viðbrögðum
Umhverfisstofnun	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.1
Náttúrufræðistofnun Íslands	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.2

1.1 Viðbrögð við umsögn Umhverfisstofnunar

Í umsögn segir:

„Áður en hægt er að veita leyfi fyrir framkvæmdinni þarf að liggja fyrir mat á áhrifum hennar á vatnshlotin. Í tilfalli grunnvatnshlotsins þarf að meta áhrif á þá gæðapætti sem skilgreindir hafa verið til ástandsflökkunar grunnvatns (sjá kafla 3.1 í vatnaáætlun). Gæðapættir fyrir árósavatnshlot hafa ekki enn verið skilgreindir og því þarf að meta hvaða gæðapættir eru viðeigandi hverju sinni, m.t.t. eðlis vatnshlotsins, svo sem seltu. Sem viðmið má nota þá almennu matsþætti sem settir eru fram í kafla 1, viðauka III, reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Umhverfisstofnun bendir framkvæmdaraðila á að hafa samband við Hafrannsóknastofnun sem hefur sérþekkingu á mati á gæðapáttum vatnshlota og getur aðstoðað við mat á áhrifum framkvæmda á árósavatnshlot. Með matinu er ætlunin að kanna hvort framkvæmdin geti valdið því að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin náist ekki. Æskilegt er að áhrifamat á vatnshlot sé gert sem fyrst þegar undirbúningur framkvæmda hefst og sé því hluti af skipulagsferli og umhverfismatsferli. Áhrifamatið þarf að liggja fyrir áður en leyfisvinnsla hefst en leyfisveitendur skulu taka afstöðu til matsins við leyfisvinnslu.“

Viðbrögð: Í matsskyldufyrirspurn liggur fyrir mat á áhrifum framkvæmdar á vatnshlot. Vegagerðin mun hafa samband við Hafrannsóknarstofnun við undirbúning framkvæmdaleyfisumsóknar og fá álit stofnunarinnar á áhrifamatinu og þeim mótvægisáðgerðum sem lagðar eru til.

1.2 Viðbrögð við umsögn Náttúrufræðistofnunar

Í umsögn segir:

„Sjávarfitjar og leirur eru vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og forðast ber að raska þessum vistkerfum nema brýna nauðsyn beri til. Stofnunin vill því hvetja til þess að leitað verði annarra lausna en hér eru settar fram.“

Viðbrögð: Í matsskyldufyrirspurn er farið yfir forsendur fyrir breytingum á framkvæmdinni. Fyrirséð er að umferð muni aukast á þessum kafla á næstu árum, umfram það sem gert var ráð fyrir í upphaflegu umhverfismati framkvæmdar. Miðað við fyrirhugaða uppbyggingu á svæðinu er ljóst að norður/suður straumar mun verða enn meira ráðandi. Í T-gatnamótalausninni þurfa þessir straumar að þvera mjög hraða umferð (90 km/klst) Hringvegarins, keyra stutta vegalengd og þvera svo aftur Hringvegarumferðina. Með hringtorgi væri umferðarhraði mun hægari og öruggari og mun því draga verulega úr hættu á alvarlegum slysum. Jafnframt er erfitt og mjög kostnaðarsamt að leysa umferð annarra vegfaranda (gangandi/hjólandi/ríðandi) í T-gatnamótalausninni, en í hringtorgslausn ætti að vera hægt að tryggja þessum vegfarendum nokkuð örugga leið. Að mati Vegagerðarinnar er óhjákvæmilegt að raska ofangreindum vistkerfum til að tryggja bætt umferðaröryggi. Það er niðurstaða umhverfismats í matsskyldufyrirspurn að ekki sé umtalsverður munur á upphaflegu tillögu að tengingum og nýjum tillögum að hringtorgslausn. Breyting á framkvæmd kemur ekki til með að breyta megin niðurstöðu umhverfismats Hringvegur um Hornafjörð og í báðum tilvikum verður umfang rasks að teljast lítil hluti framkvæmdanna í heild við nýjan Hringveg um Hornafjörð.